

ÚRSKURÐUR SIÐANEFNDAR AÍ
Í MÁLI GLÁMU-KÍM ARKITEKTA GEGN BIRNI SKAPTASYNI HJÁ ATELIER ARKITEKTUM
VEGNA LÆKJARGÖTU 12 Í REYKJAVÍK

Stjórn Arkitektafélags Íslands vísaði kæru Glámu Kím Arkitekta á hendur Birni Skaptasyni hjá Atelier arkitektum til siðanefndar AÍ þann 14.12. 2017. Kæran, sem barst frá Einari Jónssyni hdl. hjá Kvasi lögmönnum, er dagsett 05.12. 2017 og kært er fyrir brot á 4. kafla siðareglna félagsins sem fjallar um skyldur gagnvart öðrum arkitektum.

Nánar tiltekið er kært vegna brota á eftirfarandi:

- Fyrir brot á grein 4.2. þar sem segir að arkitekt skuli ekki leita eftir að koma í stað arkitekts sem hefur þegar samið um verkefni eða á í samningum um verkefni.
- Fyrir brot á grein 4.3. þar sem segir að arkitekt skuli ekki taka við verkefni annars arkitekts nema að fyrir liggja að fyrra samningssambandi sé lokið með eðlilegum hætti.
- Fyrir brot á grein 4.4. þar sem segir að arkitekt sem leitað er til af verkkaupa um að taka við verkefni úr hendi annars arkitekts, þar með talið að breyta eða auka við mannvirki, skuli gera starfsbróður sínum viðvart svo honum gefist kostur á að gæta hagsmuna sinna.

Kærð er sú háttsemi Björns Skaptasonar arkitekts FAÍ að taka að sér verkefni sem umbjóðendur lögmannsins voru með í vinnslu og brjóta gegn ákvæðum siðareglna félagsins.

Hin kærða háttsemi felst í því að kærði tók að sér verkefnið Lækjargata 12, hönnun fyrir Íslandshótel ehf. Um er að ræða verkefni sem Gláma Kím Arkitektar höfðu þegar unnið að í nokkurn tíma í kjölfar vinningstillögu í lokaðri samkeppni um hönnun hótels í Lækjargötu 12. Tillaga að nýju deiliskipulagi svæðisins var hluti þess sem óskað var eftir í forsögn samkeppninnar. Þannig vann Gláma Kím deiliskipulag svæðisins, enda órjúfanlegur hluti verkefnisins sem var hafið. Hins vegar hafði gengið erfiðlega að fá skriflegan hönnunarsamning frá verkkaupa og ekki samist um sérstaka hönnunarbókun sem Gláma Kím hafði gert sér vonir um að fá greidda.

Kærandi telur að kærða hafi mátt vera ljóst að samningssambandi milli Íslandshótela og Glámu Kím hafi ekki lokið með eðlilegum hætti. Um væri að ræða verkefni í kjölfar hönnunarsamkeppni og hefði kærða verið í lófa lagið að kynna sé samkeppnislýsinguna. Að ljúka deiliskipulagi var einungis fyrsta skrefið og augljóst var að Gláma Kím væru hönnuðir bæði mannvirkja og deiliskipulags þess verkefnis sem kærði tók að sér og afar einfalt mál að leita upplýsinga um stöðu verkefnisins. En kærði hafði hvorki samband við Glámu Kím vegna málsins til að kanna hvort samningssambandi væri lokið né gerði hann þeim viðvart til að þeir gætu gætt hagsmuna sinna.

- Fylgiskjöl:
1. Samkeppnislýsing dags. 12.mars 2015
 2. Tölvupóstur frá Bæring Bjarnari Jónssyni til Ólafs Torfasonar dags. 16.júní 2017
 3. Bréf frá LMB lögmönnum til Glámu Kím Arkitekta dags. 22.júlí 2017
 4. Bréf frá Kvasi lögmönnum til LMB lögmanna dags. 13.september 2017
 5. Tölvupóstur frá Bæring Bjarnari Jónssyni til Björns Skaptasonar dags. 12.sept. 2017
 6. Bréf frá LMB lögmönnum til Kvasis lögmanna 29.september 2017

Afgreiðsla siðanefndar AÍ:

- 1) Siðanefnd hélt fyrst fund með Bæring Bjarnari Jónssyni og Jóhannesi Þórðarsyni hjá Glámu Kím Arkitektum þann 27.12.2017. Lokuð samkeppni um hönnun hótels í Lækjargötu 12 árið 2015 var ekki haldin í samráði við Arkitektafélag Íslands. Þar sem félagið átti enga aðkomu að henni var samkeppnislýsing hennar engum félögum kunnug nema þeim þremur stofum sem boðin var þátttaka. Sú staðreynd veikir stöðu allra þátttakenda. Samkeppnin snérist um fullnaðarhönnun á hóteli við Lækjargötu nr. 12 í Reykjavík í kjölfar deiliskipulagsbreytinga.
- 2) Siðanefnd hélt því næst fund með Birni Skaptasyni þann 05.01.2018 til að heyra hvað hann hefði sér til málsvarnar. Björn sagði Ólaf Torfasón hafa haft samband við sig vegna málsins og Ólafur hefði upplýst hann um að hann hefði sagt upp samstarfi sínu við Glámu Kím að loknu deiliskipulagi. En þegar eftir því var gengið sagðist hann ekki getað lagt fram nein gögn um það hvenær hann hefði fyrst verið fenginn til verksins. Björn sagðist hafa litið svo á að um að þar sem hér væri um deiliskipulag að ræða hefði hann ekki gengið inn í hönnunarverk annarra og hann tók það fram að sín tillaga byggði á samþykktri deiliskipulagstillögu Glámu Kím Arkitekta. Björn benti jafnframt á að samkeppnin hefði ekki verið á vegum AÍ og því hefði hann ekki haft aðgang að neinum gögnum varðandi fyrirkomulag samkeppninnar. Björn telur sig því ekki hafa brotið á Glámu Kím, alla vega ekki meðvitað, og tekur þetta nærri sér. Hann sagði Íslandshótel hf vera að taka saman greinargerð til að skýra gang mála frá þeirra sjónarhóli og myndi hún berast til siðanefndar fljótlega.
- 3) Siðanefnd fundaði aftur með Glámu Kím þann 05.03.2018. Á þeim fundi var lagt fram bréf sem siðanefnd AÍ barst frá Ólafi Torfasyni og dagsett var 18.01.2018 þ.e.a.s. eftir fund siðanefndar með Birni Skaptasyni. Í því er itrekað að samningar við Glámu Kím hafi ekki tekist og viðræðum við Glámu Kím hafi verið formlega slitið með tilkynningu til Glámu Kím, þann 15.júní 2017, þess efnis að Íslandshótel hf hyggðust ekki semja við Glámu Kím um fyrrgreinda hönnun. Í framhaldinu hafi verið leitað til Björns Skaptasonar hjá Atelier arkitektum um að annast hönnun fyrrgreindra bygginga.

Bréfinu fylgdi hins vegar tölvupóstur, dagsettur 25.maí 201~~8~~⁷, frá Ólafi Torfasyni til Bærings og félaga sem ekki hafði fylgt með áður. Í honum segist Ólafur hafa viðrað verkefnið við aðra stofu og fengið mjög góð viðbrögð bæði hvað varðar kostnað við verkið og drög að útlitstillögum.

Bæring og Jóhannes áskildu sér rétt til að svara bréfi Ólafs Torfasóna til siðanefndar og barst svarið með tölvupósti 9.mars 2018.

Úrskurður siðanefndar AÍ:

Lokuð samkeppni Íslandshótela hf var ekki á vegum Arkitektafélagsins og var í veigamiklum atriðum ekki í samræmi við þær kröfur sem samkeppnisreglur félagsins gera. Engir fagdómarar voru í þriggja manna dómnefnd og samkeppnislýsingin var engum aðgengileg nema þeim sem Íslandshótel ehf fengu til þess að gera tillögur fyrir sig. Þá er það ljóst að verkkaupi fór ekki eftir þeim skilmálum sem hann sjálfur setti í samkeppnislýsingu sína hvað varðar framhald verksins.


Á fundi sínum 21. mars 2018 komst siðanefnd AÍ að niðurstöðu sinni á grundvelli eftirfarandi atriða:

- Íslandshótel ehf leituðu til annars arkitekts áður en samningssambandi var formlega sagt upp.
- Björn Skaptason gat ekki lagt fram nein gögn um það hvenær hann var fenginn til verksins þó svo að eftir því væri gengið.
- Það gat ekki hafa farið fram hjá Birni Skaptasyni að Gláma Kím Arkitektar væru með hönnun Lækjargötu 12, þar sem tillaga þeirra að útliti bygginganna hafði verið fréttæfni í lengri tíma.
- Björn Skaptason vanrækti að hafa samband við Glámu Kím vegna málsins, til að kanna hvort samningssambandi væri lokið, né gerði hann þeim viðvart til að þeir gætu gætt hagsmuna sinna. Það er brot á grein 4.4. í Siðareglum AÍ þar sem segir „Arkitekt sem til er leitað af verkkaupa um að taka við verkefni úr hendi annars arkitekts, þar með talið að breyta eða auka við mannvirki, skuli gera starfsbróður sínum viðvart svo honum gefist kostur á að gæta hagsmuna sinna“.


Í ljósi þessa telur siðanefnd brot Björns Skaptasonar ámælisvert.

Úrskurður siðanefndar er einróma.


Reykjavík 21. mars 2018



Albína Thordarson arkitekt FAÍ



Stefán Benediktsson arkitekt FAÍ



Þórhallur Pálsson arkitekt FAÍ

(varamaður vegna vanhæfis Guðmundar Gunnarssonar)

Úrskurður siðanefndar er sendur stjórn Arkitektafélags Íslands.